



Skorradalshreppur

Reglur Skorradalshrepps um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna

Laun sveitarstjórnarfulltrúa

Laun sveitarstjórnar, oddvita sveitarstjórnar, formanna og fulltrúa í nefndum á vegum Skorradalshrepps skal vera hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna. Frá 1. júlí 2024 er viðmið um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna sem hlutfall af þingfararkaupi sem er kr. 1.525.841 kr.-

Grunnlaun:

Oddviti sveitarstjórnar	50% (kr.762.921.-)
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	6,5% (kr.99.180.-)

Fundir:

Varamenn í sveitarstjórn	5% (kr. 76.292.-)
--------------------------	-------------------

Sæki sveitarstjórnarfulltrúi eða nefndarmaður fundi eða ráðstefnur utan Skorradalshrepps skv. ákvörðun sveitarstjórnar skal greiða 1.5% (kr. 22.888.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar. Gildir einnig yfir fjarfundi.

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Skorradalshrepps utan sveitarfélagsins kílómetragjald skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og skv. útfylltri akstursdagbók.

Laun sveitarstjórnarfulltrúa og oddvita skulu greidd mánaðarlega **fyrsta virka dag hvers mánaðar eftir á.**

Laun fyrir setu í nefndum

Laun nefnda skulu vera í hlutfalli af fyrrgreindri viðmiðunarfjárhæð, kr. 1.525.841.-

Formenn nefnda fá greitt 5% (kr. 76.292.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Almennir fulltrúar í nefndum fá greitt 3% (kr. 45.775.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Laun til kjörstjórnar 6% (91.550.-) fyrir kjördag og 1,5% (kr. 22.888.-) fyrir hvern fund.

Nefndarlaun skal greiða tvisvar sinnum á ári 15.júlí og 15.janúar og miðast við framlagðar fundargerðir.

Önnur réttindi

Greitt er mótframlag vinnuveitenda í lífeyrissjóð.

Framangreind viðmiðunarfjárhæð (kr. 1.525.841.-) er þingfararkaup alþingismanna í júlí 2024 og tekur hún breytingum skv. ákvörðun Alþingis um þingfararkaup nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn.

Sérstakar launagreiðslur

Greitt er aukalega fyrir störf hreppsnefndarmanna sem telst þá aukavinna (fyrir utan hefðbundin hreppsnefndarstörf og undirbúning þeirra). Eingöngu er greitt fyrir störf sem oddviti felur hreppsnefndarmönnum. Fyrstu 10 tímar í hverjum mánuði eru innifaldir í föstum hreppsnefndarlaunum. Greitt er samkvæmt vinnuskýrslu sem skila skal inn til oddvita um hver mánaðarmót.

Taxti fyrir aukavinnu

Tímagjald fyrir aukavinnu er greidd sem verktakagreiðsla og er tímagjaldið 0,6% af þingfarakaupi pr.klst.

Gildistaka

Reglur þessar gilda frá 1. júlí 2024.

Samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps 22. október 2024